



Academy of the Senses Skerplugata 7 101 Reykjavík Iceland

Reykjavík 12. 09. 2021

Til Sveitastjórnar og menningarmálafulltrúa Dalabyggðar

Umsókn um styrk til myndlistarsýningarinnar Nr. 4 Umhverfing

Við undirritaðar erum forsvarsmenn Akademíu skynjunarinnar sem stendur að myndlistarverkefninu Umhverfing sem er ferðalag umhverfis landið.

Við höfum staðið að margvíslegum verkefnum sem tengjast myndlist á einn og annan hátt allt frá árinu 2003, samsýningum, bókaútgáfu, gallerírekstri, útigjörningum og fl.

Árið 2017 hófst fyrsta sýningin í sýningarröð myndlistarverkefnisins **Umhverfing**, en það eru sýningar sem settar eru upp í mismunandi landshlutum og þátttakendur eru þeir sem tengjast því svæði sem sýnt er í hverju sinni annaðhvort með ættartengslum eða búsetu eða langtíma dvölum vegna vinnu eða annars. Standa sýningarnar yfir allt sumarið. Áður hafa verið sýningar Nr. 1,2 og 3 á Sauðárkróki, Egilsstöðum og Snæfellsnesi.

Með bréfi þessu sækjum við um styrk úr menningarsjóði Dalabyggðar að upphæð kr. 200.000 til að standa straum að kostnaði við hönnun og prentun kynningarefnis og leiðarkorts.

Nr 4 Umhverfing er sýning sem dreifist um Vestfirði, Strandir og Dali sumarið 2022. Stór hluti sýningarinnar verður í Dalabyggð. Meginmarkmið sýningarinnar Nr 4 Umhverfing eru tvö. Annars vegar að færa nútímamyndlist nær almenningi með því að setja upp myndlistarverk í tengslum við aðra menningarstarfsemi á svæðinu en einnig í óhefðbundnum sýningarrýmum. Hins vegar að stofna til samstarfs milli listamanna sem eiga rætur að rekja til þessara byggðarlaga en búa annarsstaðar og þeirra listamanna sem búa og starfa þar núna og ráðamanna og íbúanna á staðnum. Sýningarstaðirnir verða margir og margvíslegir, úti og inni.

Tilgangur umsóknar okkar er að styrkja og ná sem bestum árangri í að kynna hið umfangsmikla verkefni Nr 4 Umhverfing. Við í Akademíu skynjunarinnar höfum tekið að okkur og viljum gera okkar besta til að þau myndlistarverk sem sýnd verða og eru eftir 120 höfunda, nái athygli flestra. Kynningarliðurinn er kostnaðarsamur og því er nauðsynlegt að styrkir komi til.

Kær kveðja og óskir um gott samstarf,
Anna Eyjólf, Ragnhildur Stefánsdóttir, Þórdís Alda Sigurðardóttir

Þórdís Alda Sigurðardóttir *Anna Eyjólf*
Ragnhildur Stefánsdóttir